

Til háttvirtra nefndarmanna í fjárlaganefnd Alþingis  
Frá Persónuvernd.

Reykjavík, 20. desember 2021

**Efni: Ósk Persónuverndar um áframhaldandi framlag á fjárlögum fyrir árið 2022 til verkefna stofnunarinnar sem unnin eru í fjarþjónustu á Húsavík**

Á bls. 222 – 223 í fjárlagafrumvarpinu koma fram áform til handa Persónuvernd um **25 m.kr. lækkun vegna niðurfellingar tímabundins framlags sem Alþingi veitti á síðasta ári til verkefna sem unnin eru í fjarþjónustu á Húsavík.**

Þessi ákvörðun leiðir af sér sár vonbrigði. Allt sem snertir „Húsavíkur-verkefni“ Persónuverndar hefur verið jákvætt. Starfsmennirnir tveir hófu þar störf snemma vors. Þau voru valin úr stórum hópi umsækjenda og þau hafa staðist væntingar, og langt umfram það. Þau eru í raun á þeim stað núna að geta leyst vel úr þeim verkefnum sem þeim eru fengin. Það að þurfa að skella í lás og kveðja þau gengur ekki upp, að mati Persónuverndar, sérstaklega með hliðsjón af þeim mikla fjölda mála sem berast stofnuninni og sem leysa þarf úr – og er auk þess í ósamræmi við stefnu stjórnvalda um að auka eftirsóknarverð störf á landsbyggðinni.

Engir hnökrar hafa verið á þessu fyrirkomulagi, einungis jákvæðir straumar frá öllu byggðarlaginu og víðar, auk þess sem Persónuvernd hefur átt ánægjulegt samstarf við sýslumanninn á staðnum. Starfsmennirnir tveir eru virkilega sáttir, þeim finnst þau vera vel inni í starfseminni og vilja ekkert frekar en að fá að halda áfram störfum fyrir Persónuvernd, en staðsett á Húsavík, því þar er þeirra fjölskylda.

Þess er hér með góðfúslega óskað að fjárlaganefnd tryggi áframhaldandi fjarþjónustu Persónuverndar á Húsavík.

F.h. Persónuverndar,

Helga Þórisdóttir      Vigdís Eva Línadal